


Göngu- og hjólastígur meðfram hitaveitustokki milli Háaleitisbrautar og Sogavegar


Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir 3m blandaðan göngu- og hjólastíg sem liggur með hitaveitustokki milli Háaleitisbrautar og Sogavegar. Stígurinn liggur um Álmgærði, Hæðargarð og Réttarholt. Stígurinn er sérstaklega mikilvæg tenging fyrir skólabörn þar sem þessi stígur er meginleið gönguleiða milli hverfahluta. Stígurinn er skilgreindur sem tengistígur í AR2010-2030 og tengir saman 3 skóla og 3 hverfi. Núverandi aðstæður er 2m breiður hitaveitustokkur sem á lögnum köflum stendur upp úr jörðu og uppfyllir ekki nútíma leiðbeiningar um aðgengi fyrir alla. Eins getur verið varhugavert að hjóla eftir honum vegna þrengsla og fallhættu. Stokkurinn er mjög mikið notaður af skólabörnum en einnig mikið nýttur til útivistar.



Mynd: Úrklippa www.borgarvefsja.is.

Heildarlengd stígsins er ca.1700 m. Fyrir liggja frumdrög og frumkostnaðaráætlun. Áætlaður heildarkostnaður er 250 millj. kr en reiknað er með að hann verði framkvæmdur í áföngum.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Kristinn Jón Eysteinnsson

Verkefnastjóri samgöngumála